



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 5/2017

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu
fyrir koparheimtaugar
(Markaður 4/2008)**

30. maí 2017

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur	3
1.1	Innanlandssamráð um frumdrög að ákvörðun	3
1.2	Aukasamráð um breytingar á ákvörðunardrögum PFS	5
1.3	Aukasamráð um uppfærslu á kostnaðarlíkaninu	8
1.4	Ákvörðun PFS nr. 21/2014.....	8
1.5	Gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum	11
1.6	Bréfaskipti við Mílu.....	11
2	Afstaða PFS	16
2.1	Almennt	16
2.2	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar	16
2.2.1	Kostnaðargreining Mílu	16
2.2.2	Afstaða PFS.....	17
2.3	Rekstrarkostnaður	19
2.3.1	Kostnaðargreining Mílu	19
2.3.2	Afstaða PFS.....	20
2.4	Fjárfestingarkostnaður	22
2.4.1	Kostnaðargreining Mílu	22
2.4.2	Afstaða PFS.....	25
2.5	Stofngjöld	26
2.6	Aðgangur að tengigrind	27
2.6.1	Kostnaðargreining Mílu	27
2.6.2	Afstaða PFS.....	27
2.7	Línufjöldi	27
2.8	Útreikningur leiguverðs	27
2.8.1	Kostnaðargreining Mílu	27
2.8.2	Afstaða PFS.....	28
2.8.3	Verðbil samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnar ESB	29
2.9	Niðurstaða PFS	31



1 Inngangur

Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2014.

Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyra markaði fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnetum sem er markaður nr. 4 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2008¹.

Frumdrög PFS að ákvörðun um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar fór í innlandssamráð sem stóð frá 23. desember 2015 til 29. janúar 2016. Þessi frumdrög að ákvörðun voru byggð á upphaflegri kostnaðargreiningu Mílu eins og hún hafði verið uppfærð í kostnaðarlíkani sem Míla lagði fram 21. desember 2015. PFS efndi síðan til aukasamráðs um breytingar á ákvörðunardrögunum þann 26. apríl 2016 og stóð samráðið til 16. maí 2016. Athugasemdirnar sem bárust og umsagnir Mílu ásamt afstöðu PFS má finna í viðauka I.

Samhliða kostnaðargreiningu á markaði 4/2008 hefur PFS haft til meðferðar kostnaðareiningar vegna gjaldskráa Mílu fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 6/2008) og bitastraumsaðgang (markaður 5/2008). Vegna innbyrðis tengsla þessara gjaldskráa er nauðsynlegt að þær taki gildi á sama tíma og því birtir PFS ákvarðanir um endurskoðun á þessum gjaldskráum á sama tíma.

Í samræmi við óskir PFS lagði Míla fram þann 9. mars 2017 uppfært kostnaðarlíkan sem byggir á rekstrartölum ársins 2016. PFS uppfærði ákvörðunardrögin í samræmi við uppfærslu á kostnaðarlíkaninu og efndi til innanlandssamráðs um þessa niðurstöðu þann 31. mars 2017 sem stóð til 19 apríl 2017. Engar athugasemdir bárust PFS í þessu samráði.

Drög að ákvörðuninni, var send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 27. apríl sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 29. maí sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. PFS vísar í álit ESA varðandi athugasemdir þeirra.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir málavexti, lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

1.1 Innanlandssamráð um frumdrög að ákvörðun

PFS efndi til innanlandssamráðs þann 23. desember 2015 um frumdrög að ákvörðun um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar. Í drögunum var gert ráð fyrir töluverðri breytingu á uppbyggingu gjaldskrár fyrir aðgang að koparheimtaugum í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014.

Í drögunum kom fram að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 skildi miða við að fullur aðgangur að heimtaug yrði grunnaðgangur (grunnverð) heimtaugar, en ekki neðra tíðnisvið eingöngu eins og verið hefur. Þetta fæli í sér að ávallt skildi greitt fyrir fullan aðgang að heimtaug, óháð nýtingu, þ.e. óháð því hvort efra eða neðra tíðnisvið væri notað eða bæði tíðnisviðin. Þá kom fram að þegar aðgangur að koparheimtaug skiptist á milli tveggja

¹ ESA hefur nú gefið út ný tilmæli ESA um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu: „EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).”



mismunandi fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða gjald fyrir skiptan aðgang sem hefði aðgang að efra tíðnisviði heimtaugarinnar en hinn skyldi greiða gjald fyrir aðgang að neðra tíðnisviðinu sem væri gjaldið fyrir fullan aðgang að frádregnu gjaldi fyrir skiptan aðgang. Ef aðeins neðra tíðnisviðið væri notað („talsími eingöngu“) bæri að greiða eins og fyrir fullan aðgang. Sama gilti ef aðeins efra tíðnisviðið væri notað („strípað DSL“).

Einnig kom fram að umrædd ákvörðun hafi kveðið á um breytta skiptingu kostnaðar á milli efra og neðra tíðnisviðs heimtaugar, þ.e. í tilfelli skipts aðgangs. Að mati PFS skyldi byggja skiptingu leigugjalds á heildarnýtingu þeirra á koparheimtaugum Mílu hverju sinni, sem væri í samræmi við almenna framkvæmd í kostnaðargreiningum sem byggðu á sögulegum kostnaði. Aðgangsverð skyldu því reiknuð með þeim hætti að deila heildarfjölda leigðra aðganganna að neðra og efra tíðnisviði heimtauga upp í heimfærðan kostnað ásamt hæfilegum hagnaði vegna viðkomandi heimtauga. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á þeim tíma þá taldi stofnunin rétt að miða við að neðra tíðnisviðið bæri 60% af kostnaði heimtaugar og efra tíðnisviðið 40% og tæki gjaldskráin mið af því. Framangreint þýddi í raun að efra og neðra tíðnisvið skiptu með sér kostnaði í samræmi við nýtingu heimtauga.

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 var einnig kveðið á um að Míla skildi útbúa gjaldskrá fyrir aðgang að hluta koparheimtaugar í götuskápum sínum, þ.e. frá millitengingu koparheimtaugar í götuskáp til húskassa hjá notanda.

Í ákvörðuninni kom fram að búast mætti við eftirfarandi áhrifum á gjaldskrá fyrir heimtaugaleigu²:

- Heildsölugjald fyrir fullan aðgang myndi lækka.
- Heildsölugjald fyrir efra tíðnisvið (DSL) myndi hækka, þegar neðra tíðnisvið væri nýtt samhliða.
- Heildsölugjald fyrir neðra tíðnisvið myndi lækka þegar efra tíðnisvið væri nýtt samhliða.
- Heildsölugjald þegar neðra tíðnisvið væri eingöngu nýtt myndi hækka.
- Heildsölugjald fyrir strípað DSL myndi lækka.

Þess má geta í þessu samhengi að Míla var eina fjarskiptafyrirtækið sem gerði athugasemd við þessa breytingu þegar drög að ákvörðun nr. 21/2014 fóru í innanlandssamráð á sínum tíma. Eins og kemur fram hér að ofan þá útskýrði PFS í grófum dráttum í því samráði hver áhrif breytinga yrðu á verð fyrir aðgang að heimtaugum og var það í samræmi við það sem kom í ljós í umræddum ákvörðunardrögum. Hins vegar voru í ákvörðuninni ekki birtir nákvæmir útreikningar á því hvernig þessi breytta uppbygging myndi skila sér niður á einstaka liði í gjaldskrá Mílu. Einnig lágu ekki fyrir áhrif þess að greina á milli heimtaugar og hluta heimtaugar, þ.e. heimtaugar í götuskáp.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014 lagði Míla fram kostnaðargreiningu með þeim breytingum á uppbyggingu gjaldskrár sem kveðið var á um.

Eftir meðferð kostnaðargreiningar Mílu hjá stofnuninni, sem nánar er lýst í köflunum hér á eftir, samþykkti PFS kostnaðargrunn til útreikninga á gjaldskrárliðum samkvæmt þeim breytingum sem kveðið hafði verið á um. Taflan hér að neðan sýnir verðhækkunina sem boðuð var í

² Þessi fyrirhuguð áhrif miðuðu við að annað væri óbreytt, þ.e. að kostnaðargrunnur væri óbreyttur og fjöldi heimtauga væri sá sami.



samráðinu þann 23. desember 2015 og hvernig fyrirhuguð breyting á gjaldskránni hefði haft mismunandi áhrif á einstaka gjaldskrárlíði.

Aðgangur	Ígildi nú	Verð nú	Ígildi eldri aðferð	Verð nú eldri aðferð	Hækkun/lækkun v. breytinga	Verð áður eldri aðferð
Fullur aðgangur	1,00	1.495	1,33	1.537	-42	1.386
Aðgangur að neðra tíðnisvið eingöngu	1,00	1.495	1,00	1.155	340	1.042
Aðgangur að efra tíðnisvið eingöngu	1,00	1.495	1,33	1.537	-42	1.386
Heimtaug - efra tíðnisvið (neðra tíðnisvið í notkun)	0,40	598	0,33	381	217	344
Heimtaug - neðra tíðnisvið (efra tíðnisvið í notkun)	0,60	897	1,00	1.155	-258	1.042
Heimtaug að götuskáp - fullur aðgangur	0,85	1.271	1,33	1.537	-266	1.386
Heimtaug að götuskáp - efra tíðnisvið (neðra tíðnisvið í notkun)	0,34	508	0,33	381	127	344
Heimtaug að götuskáp - neðra tíðnisvið (efra tíðnisvið í notkun)	0,51	762	1,00	1.155	-393	1.042

Umrætt innanlandssamráð stóð til 29. janúar 2016.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Míla ehf. – hér eftir nefnt Míla
- Snerpa ehf. – hér eftir nefnt Snerpa
- Fjarskipti hf. – hér eftir nefnt Vodafone
- Síminn hf. – hér eftir nefnt Síminn
- 365 Miðlar hf. – hér eftir nefnt 365
- Hringiðan ehf. – hér eftir nefnt Hringiðan

Athugasemdir aðila skiptust í meginráttum í fjóra þætti, þ.e. uppbyggingu gjaldskrár fyrir koparheimtaugar, kostnað Mílu, verð fyrir stofngjöld og aðgang að tengigrindum svo og gildistöku á gjaldskránni, auk þess sem Síminn gerði athugasemd við að verðkvöð væri viðhaldið á Mílu.

Míla, Vodafone, Síminn, 365 og Hringiðan gerðu athugasemd við þá breytingu á uppbyggingu gjaldskrár sem birtist í ákvörðunardrögum. Eins og kemur fram hér að framan var breyting þessi ákvörðuð af PFS með ákvörðun stofnunarinnar nr. 21/2014, dags. 13.08.2014, og var Míla eina fyrirtækið sem gerði athugasemd við þetta atriði ákvörðunarinnar á þeim tíma.

Þá var á það bent í athugasemdum fjarskiptafyrirtækja að Síminn hefði tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um áform fyrirtækisins um að leggja niður PSTN-símkerfi sitt á næstu árum og skipta því út fyrir VoIP talsímkerfi. Þetta myndi hafa það í för með sér að mikil breyting yrði á nýtingu koparheimtauga, því neðra tíðnisvið heimtaugarinnar hafi verið nýtt undir þessa þjónustu.

Nánar er fjallað um athugasemdirnar sem bárust í samráðinu í viðauka I.

1.2 Aukasamráð um breytingar á ákvörðunardrögum PFS

Eins og fram hefur komið hér að framan þá bárust PFS athugasemdir frá sex fjarskiptafyrirtækjum í innanlandssamráðinu um ákvörðunardrög PFS. Þar af gerðu fimm



fjarskiptafyrirtæki athugasemd við þá breytingu á uppbyggingu gjaldskrár sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 21/2014.

Þau atriði sem helst voru gerðar athugasemdir við var að gjaldskráin yrði of flókin og ógagnsæ gagnvart neytendum. Auk þess var andstaða við hækkun á kostnaðarhlutdeild í efra tíðnisviði sem myndi skila sér í hærra gjaldi fyrir bitastraumsaðgang. Jafnframt var andstaða við mikla hækkun hjá þeim sem eingöngu nýta neðra tíðnisviðið.

Vegna þeirra athugasemda sem bárust um fyrirhugaða uppbyggingu á gjaldskránni auk breyttra aðstæðna frá því ákvörðun PFS nr. 21/2014 var birt, ákvað PFS í samráði við Mílu að gera tillögu að breytingu á uppbyggingu gjaldskrár Mílu fyrir koparheimtaugar og leggja fyrir hagsmunaaðila í aukasamráði. Markmiðið með breytingunni var að einfalda gjaldskrána og gera heimtaugagjöld gagnsæri í samræmi við þær ábendingar sem bárust. Auk þess var tekið mið af þeirri breytingu sem orðið hefur á sl. misserum í innheimtu þjónustuveitenda á sérstöku aðgangs- eða línugjaldi vegna heimtauga. Með breytingunum var ennfremur verið að mæta þeirri tækniþróun sem fyrirhuguð er á talsímamarkaðnum.

Breytingatillögur PFS fóru í samráð þann 26. apríl 2016 og stóð samráðið til 16. maí 2016. Samráðið var takmarkað við þá þætti kostnaðargreiningar Mílu sem snéru að uppbyggingu á gjaldskrá fyrir aðgang að heimtaugum og stofngjaldi.

Auk þeirra sjónarmiða sem fram komu í athugasemdum fjarskiptafyrirtækja þarf m.a. að taka tillit til þess að uppbygging gjaldskrárinnar leiði til þess að kostnaður sem verður til við hagkvæman rekstur endurheimtist ásamt hæfilegum hagnaði en jafnframt að endurheimtur verði ekki umfram það sem áætlað er.

Í dag er fyrirkomulagið þannig að greitt er grunnjald að fjárhæð 1.042 kr. fyrir aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar sem nýtt er fyrir talsíma. Ef hins vegar einungis efra tíðnisviðið er nýtt þá er mánaðargjaldið 1.386 kr. Einnig ef bæði efra og neðra tíðnisviðið er nýtt þá greiðist samtals 1.386 kr. fyrir alla heimtaugina. Í því tilfelli telst efra tíðnisviðið vera skiptur aðgangur og það fyrirtæki sem kaupir slíkan aðgang greiðir 344 kr. Eins og staðan er í dag er það oftast Aðgangskerfi³ Mílu sem er kaupandi á aðgangi að efra tíðnisviðinu, þ.e. um er að ræða innri sölu Mílu. Þetta gjald birtist því sem kostnaður í útreikningi á aðgangsgjaldi fyrir bitastraumsaðgang gegnum aðgangsleið 1 og 3 á markaði 5/2008. Míla innheimtir hins vegar grunnjaldið fyrir neðra tíðnisviðið beint til fjarskipafyrirtækja og ef neðra tíðnisviðið er nýtt þá er það fyrirtækið sem veitir talsímaþjónustu sem greiðir grunnjaldið. Ef hins vegar neðra tíðnisviðið er ekki nýtt þá er það fyrirtækið sem veitir internetþjónustu sem greiðir grunnjaldið.

Það má því segja að grunnjaldið fylgi talsímanum eins og fyrirkomulagið er í dag. Ef notandi hættir hins vegar að kaupa talsímaþjónustu (PSTN) en kaupir enn internetþjónustu þá flyst grunnjaldið yfir á þá þjónustu. Ef sitt hvor aðilinn veitir talsímaþjónustu og internetþjónustu þá þarf Míla að færa gjaldið yfir á internetþjónustuaðilann þegar þetta gerist og er það þá internetþjónustuaðilinn sem innheimtir það til notandans í stað talsímaþjónustuaðilans.

Í dag eru fjarskiptafyrirtæki að innheimta í smásölu sérstakt gjald til neytenda sem kallast ýmist línugjald, aðgangsgjald eða heimtaugagjald og hefur það fylgt talsímanum eins og grunnjald Mílu (neðra tíðnisvið heimtaugar). PFS kannaði þetta gjald hjá Símanum, Vodafone, Símafélaginu, Hringdu, Hringiðunni og 365 og það það frá 1.900 til 2.987 kr⁴. á mánuði með

³ Deild Mílu sem m.a. selur bitastraumsaðgang.

⁴ Þessi verð miða við það sem auglýst var á heimasíðu viðkomandi fyrirtækja á þeim tíma sem PFS efndi til aukasamráðsins.



virðisaukaskatti. Misjafnt er milli fjarskiptafyrirtækjanna hvað er innifalið í þessu gjaldi umfram grunnjald Mílu.

Önnur fjarskiptafyrirtæki sem bjóða aðgang að ljósleiðaraheimtaugum, svo sem Gagnaveita Reykjavíkur, innheimta gjarnan heimtauggjöld beint til neytenda en Míla veitir hins vegar eingöngu heildsöluþjónustu til fjarskiptafyrirtækja.

Nú liggur fyrir að Síminn hyggst leggja niður PSTN kerfi sitt smám saman á næstu 3 árum skv. tilkynningu frá Símanum til fjarskiptafyrirtækja dags. 29. janúar 2016. Við það mun símaþjónustan færast úr hefðbundinni talsímaþjónustu yfir í símaþjónustu með IP samskiptahætti (VoIP). Sú þjónusta mun verða veitt um ljósleiðara eða kopar (xDSL) og smám saman mun leiga á neðra tíðnisviðinu fyrir talsímaþjónustu leggjast af en samkvæmt áætlun Símans verður búið að leggja niður PSTN kerfið í lok 2020.

Til að koma til móts við breyttar aðstæður og athugasemdir fjarskiptafyrirtækja ákvað PFS því mæla fyrir um að gjaldskrá fyrir heimtaugaleigu verði einfölduð verulega. Innheimt verði eitt heimtaugagjald óháð nýtingu þess og hvort heimtaugin endar í götuskáp eða símsstöð.

Ekki verður þá lengur sérstakt gjald fyrir efra og neðra tíðnisviðið og gjaldið fyrir efra tíðnisviðið verður því ekki lengur innifalið í gjaldi fyrir bitastraum í aðgangsleið 1 til 3. Núverandi gjald fyrir aðgangsleið 1 til 3 þarf því að taka mið af því eins og fram hefur komið í drögum að ákvörðun um endurskoðun á gjaldskrá fyrir bitastraumsaðgang sem hafa þegar verið birt. Ný gjaldskrá fyrir bitastraumsaðgang Mílu mun taka gildi á sama tíma og ný gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum.

Til að þessi breyting til einföldunar á gjaldskránni næði fram að ganga ákvað PFS að falla frá þeirri fyrirhuguðu breytingu að gerður yrði greinarmunur á gjaldi fyrir heimtaug í götuskáp annars vegar og símsstöð hins vegar. Því verður fyrirkomulagið hvað þetta varðar eins og það er í dag.

Míla hefur hingað til ekki aðgreint kostnað við heimtaug í götuskáp annars vegar og símsstöð hins vegar og því er ekki vitað hvort það séu til staðar kostnaðarleg rök fyrir verðmun hér á landi. Ef skoðaður er kostnaður við lagningu heimtauga þá hefur lengd hennar áhrif á kostnað og almennt eru heimtaugar í götuskápa styttri en heimtaugar í símsstöðvar. Þróunin hefur hins vegar verið sú að meðallengd koparheimtauga er almennt að minnka sem og munur á lengd koparheimtauga í götuskápa annars vegar og í símsstöðvar hins vegar. Útbreiðsla á VDSL kerfi Mílu hefur aukist jafnt og þétt undanfarin misseri. Þar sem lengd heimtauga fyrir VDSL er takmörkuð við 400 m þá hefur meðallengd heimtauga á þessum svæðum minnkað. Áform Símans um að leggja niður PSTN kerfi sitt mun einnig leiða til þess að lengri heimtaugum fækkar. Þá má gera ráð fyrir að átak stjórnvalda um ljósleiðaravæðingu í dreifbýli muni leiða til þess að lengstu koparheimtaugunum verði skipt út fyrir ljósleiðaraheimtaugar. Ef skoðaður er annar kostnaður þá er rekstrarkostnaður á einingu fyrir koparheimtaugar sem endar í götuskápnnum hærri en vegna heimtauga sem endar í símsstöðvum, bæði í viðhaldi og bilun.

Míla hefur einnig innleitt vigrun sums staðar þar sem VDSL er í boði en það kemur í veg fyrir að hægt sé að veita aðgang að heimtaug í götuskáp. Í staðinn mun Míla veita VULA aðgang eða annan bitastraumsaðgang. PFS telur ólíklegt að eftirspurn eftir heimtaug í götuskáp frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum eigi eftir að aukast í ljósi þróunar á heimtaugamarkaði undanfarin misseri.

Aðstæður hafa því breyst talsvert frá því PFS lagði til að Mílu yrði gert að bjóða sérstakt verð fyrir aðgang að heimtaug í götuskáp með ákvörðun PFS nr. 21/2014. PFS metur það svo að töluvert hagræði geti verið af því að einfalda gjaldskrá heimtauga sem vegur upp á móti



hugsanlegu óhagræði sem það kann að valda einstaka fyrirtæki að fallið verði frá sérstöku gjaldi fyrir heimtaug að götuskáp. Auk þess hefur Míla ekki sýnt fram á kostnaðarleg rök fyrir því að lægra línuígildi gildi fyrir heimtaug í götuskáp en í símsstöð. Það línuígildi sem Míla studdist við á sínum tíma var byggt á samanburði við önnur lönd.

PFS lagði því til að heimtaugagjaldið (fyrir alla heimtaugina) myndi fylgja neðra tíðnisviðinu, þ.e. að sá aðili sem veiti talsímabjónustu greiði heimtaugagjaldið til Mílu. FjarSKIPTAFYRIRTÆKIN geta þá innheimt heimtaugagjaldið hjá notendum þjónustunnar í formi sérstaks línu- eða aðgangsgjalds. Það er í samræmi við þá framkvæmd sem er í dag og mun því valda minnstri röskun.

Í þeim tilfellum þar sem neytandinn kaupir ekki talsímabjónustu, þ.e. eingöngu efra tíðnisviðið er nýtt, þá mun sá aðili sem veitir internetþjónustu greiða heimtaugagjaldið til Mílu á sama hátt og gert er með grunngjald af heimtaug í dag. Internetþjónustuveitandinn getur þá innheimt heimtaugagjaldið sem línu- eða aðgangsgjald hjá notanda þjónustunnar.

Einungis Símafélagið lagði fram athugasemd í aukasamráðinu. Símafélagið var almennt jákvætt gagnvart því að fyrirkomulagi við innheimtu línugjalds væri einfaldað með þeim hætti sem PFS hafi lagt til. Símafélagið óskaði hins vegar eftir nánari skýringum varðandi útfærslu á innheimtu mánaðargjaldsins og er nánar er fjallað um athugasemdir Símafélagsins í Viðauka I.

1.3 Aukasamráð um uppfærslu á kostnaðarlíkaninu

Samhliða kostnaðargreiningu á markaði 4/2008 hefur PFS haft til meðferðar kostnaðareiningar vegna gjaldskráa Mílu fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 6/2008) og bitastraumsaðgang (markaður 5/2008). Vegna innbyrðis tengsla þessara gjaldskráa er nauðsynlegt að þær taki gildi á sama tíma og því birtir PFS ákvarðanir um endurskoðun á þessum gjaldskráum á sama tíma.

PFS hefur yfirfarið kostnaðarlíkön og uppbyggingu gjaldskráa Mílu á þessum þremur mörkuðum (4/2008, 5/2008 og 6/2008). Jafnframt hafa hagsmunaaðilar fengið tækifæri til að tjá sig um aðferðafræði Mílu við ákvörðun verðs sem og uppbyggingu gjaldskráa. Hins vegar byggðu kostnaðarlíkön Mílu á kostnaðargrunni frá 2014 og fór því PFS fram á að Míla myndi uppfæra kostnaðarlíkönin á þessum mörkuðum miðað við rekstrarárið 2016.

Í samræmi við óskir PFS lagði Míla fram þann 9. mars 2017 uppfært kostnaðarlíkan sem byggir á rekstrartölum ársins 2016. Útreiknað verð fyrir aðgang að koparheimtaug byggir á rekstrarkostnaði ársins 2016. Fjárfestingastofninn í þessu líkani byggir á fjárfestingum Mílu sem eru framreiknaðar til ársins 2016 en jafnframt byggir stofninn á fjárfestingaáætlun Mílu fyrir árin 2017 og 2018.

Við þessa breytingu verður mánaðargjald koparheimtauga 1.406 kr.

PFS uppfærði ákvörðunardrögin í samræmi við uppfærslu á kostnaðarlíkaninu. PFS efndi til samráðs um þessa niðurstöðu þann 31. mars 2017 og stóð samráðið til 19 apríl 2017. Engar athugasemdir bárust PFS í þessu samráði.

1.4 Ákvörðun PFS nr. 21/2014

Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnetum (Markaður 4/2008) og markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (Markaður 5/2008).



Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna heildsöluaðgangs að föstum kopar aðgangsnétum fyrirtækisins ásamt tengdri aðstöðu, en PFS lagði ekki gjaldskrárvöð á ljósleiðaraheimtaugar Mílu. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskráin fyrir viðkomandi aðgang sem veittur er um koparheimtaugar skildi vera kostnaðarviðmiðuð.

Samkvæmt ofangreindri ákvörðun PFS skyldi sundurliðun á mánaðarlegri leigu fyrir aðgang að koparheimtaug, vera eftirfarandi:

- Fullur aðgangur⁵. Innifelur bæði aðgang að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar (grunnaðgangur).
- Skiptur aðgangur⁶. Aðgangur fjarskiptafyrirtækis að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með DSL eða samsvarandi tækni, en aðgangur að neðra tíðnisviði heimtaugarinnar er nýttur af öðru fjarskiptafyrirtæki á sama tíma fyrir talsímaþjónustu.
- Aðgangur að neðra tíðnisviði eingöngu. Aðgangur fjarskiptafyrirtækis að neðra tíðnisviði heimtaugarinnar eingöngu fyrir talsímaþjónustu, en efra tíðnisvið er ekki í notkun á sama tíma.
- Aðgangur að efra tíðnisviði eingöngu (strípað DSL)⁷. Aðgangur fjarskiptafyrirtækis að efra tíðnisviði heimtaugarinnar fyrir xDSL þjónustu, en neðra tíðnisviðið er ekki í notkun á sama tíma.
- Aðgangur að aðstöðu, sem tengist aðgangi að koparheimtaugum, s.s. aðstöðu í símstöðum og tækjarýmum.

Einnig kom fram í umræddri ákvörðun að þegar aðgangur að koparheimtaug skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða gjald fyrir skiptan aðgang sem hefði aðgang að efra tíðnisviði heimtaugarinnar en hinn skyldi greiða fyrir aðgang að neðra tíðnisviðinu gjald fyrir fullan aðgang að frádregnu gjaldi fyrir skiptan aðgang. Ef aðeins neðra tíðnisviðið væri notað („talsími eingöngu“) bæri að greiða eins og fyrir fullan aðgang. Sama gilti ef aðeins efra tíðnisviðið væri notað („strípað DSL“).

Þessi ákvörðun um uppbygging á gjaldskrá var breyting frá því sem nú er. Kveðið var á um að í gjaldskránni skyldi miða við að fullur aðgangur væri grunnaðgangur (grunnverð) heimtaugar, en ekki neðra tíðnisvið eingöngu eins og verið hefur. Þetta fæli í sér að ávallt yrði greitt fullt verð fyrir heimtaug í notkun óháð því hvernig hún væri nýtt, en ekki mismunandi verð eftir því hvort neðra eða efra tíðnisviðið væri í notkun eins og nú er. Fullur aðgangur skyldi vera 1 línúígildi í stað 1,33 áður.

PFS ákvað að gera breytingu á forsendum um verðlagningu á neðra tíðnisviði heimtaugar annars vegar og efra tíðnisviði hins vegar. Núverandi fyrirkomulag miðaðist við að verðlagning efra tíðnisviðs (fyrir xDSL þjónustur) reiknaðist sem 33% álag á verð fyrir neðra tíðnisvið (grunnverð) eða sem samsvaraði því að efra tíðnisvið bæri 25% kostnaðarhlutdeild í leigugjaldi fyrir fullan aðgang. Hins vegar hefur í kostnaðargreiningum Mílu ekki verið talið mögulegt að sýna fram á að það hlutfall byggi á sérgreindum kostnaði heimtaugar vegna efra tíðnisviðs hennar. Skiptireglan á kostnaði milli neðra og efra tíðnisviðs er frá árinu 2000, þegar DSL væðing var í burðarliðnum. Frá þeim tíma hefur nýting efra tíðnisviðsins stórukist og var

⁵ „Fully unbundled loop“.

⁶ „Shared unbundled loop“.

⁷ „naked DSL“.



staðan þannig um það leytið þegar PFS lagði fram drög að ákvörðun nr. 21/2014 að af um 2/3 af koparheimtaugum í notkun var efra tíðnisviðið nýtt fyrir xDSL þjónustu samhliða talsímabjónustu eða án hennar.

PFS ákvað því að endurskoða skiptingu kostnaðar á milli efra og neðra tíðnisviðs heimtaugar, þ.e. í tilfalli skipts aðgangs. Að mati PFS skyldi byggja skiptingu leigugjalds á heildarnýtingu þeirra á koparheimtaugum Mílu hverju sinni, sem væri í samræmi við almenna framkvæmd í kostnaðargreiningum sem byggðu á sögulegum kostnaði. Aðgangsverð skyldu því reiknuð með þeim hætti að deila heildarfjölda leigðra aðganga að neðra og efra tíðnisviði heimtauga upp í heimfærðan kostnað ásamt hæfilegum hagnaði vegna viðkomandi heimtauga. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á þeim tíma þá taldi stofnunin rétt að miða við að neðra tíðnisviðið bæri 60% af kostnaði heimtaugar og efra tíðnisviðið 40% og tæki gjaldskráin mið af því. Framangreint þýddi í raun að efra og neðra tíðnisvið skiptu með sér kostnaði í samræmi við nýtingu heimtauga.

Í ákvörðuninni kom ennfremur fram að kostnaðargreining Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum, hluta koparheimtauga og ljósleiðurum í götuskáp, auk aðgangs að tengdri aðstöðu, s.s. götuskápum, skyldi byggja á eftirfarandi meginforsendum:

- Kostnaðargrunnur skal vera sögulegur kostnaður (HCA) Mílu sem byggir á síðast liðnu fjárhagsári hverju sinni.
- Aðferðarfræðin skal byggjast á því að allur kostnaður sé heimfærður á viðkomandi þjónustu (FAC).
- Heimfærsla kostnaðar byggir á bókhaldslegum aðskilnaði heimtaugaleigu, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
- Við mat fjárfestingar skal byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.
- Línufjöldi skal reiknaður m.t.t. línúígilda þar sem tekið er tillit til framangreindra breytinga á skilgreiningu á aðgangi við mat á línúígildum.
- Fanga skal kostnað heimtauganetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar⁸ (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Tekið skal tillit til veltufjárbindingar sem nemur meðalstöðu birgða vegna reksturs og uppbyggingar aðgangsnetsins.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt er reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

⁸ Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.



Þá kom fram í ákvörðuninni að stofnuninni væri heimilt að hafna verðum sem lögju fyrir utan það verðbil sem framkvæmdastjórn ESB legði til á hverjum tíma samanber tilmæli framkvæmdastjórnar ESB um beitingu samræmdrar jafnræðiskvaðar og kostnaðargreiningaraðferða til að auka samkeppni og efla fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnæti (NGA).⁹

Gjaldskrá Mílu skal endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar.

Eins og fram kemur í kafla 1.2 hér að framan ákvað PFS að hnika frá þeirri uppbyggingu á gjaldskrá sem kveðið var í ákvörðun PFS nr. 21/2014 hvað varðar gjald fyrir aðgang að efra og neðra tíðnisviði heimtaugar og hluta heimtaugar. Eftir stendur hins vegar sú meginbreyting að ávalt er innheimt fyrir heila heimtaug óháð nýtingu hennar, eins og kveðið var á um í ákvörðuninni.

1.5 Gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum

Núverandi gjaldskrá Mílu byggir á ákvörðun PFS nr. 15/2013, dags. 30. júlí 2013 og ákvörðun PFS nr. 30/2011, dags. 30. nóvember 2011. Núverandi gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu er sem hér segir og mun hún gilda þar til ný verðskrá samkvæmt ákvörðun þessari tekur gildi:

<i>Tegund aðgangs</i>	<i>Mánaðargjald</i>
Grunnverð fyrir heimtaug (neðra tíðnisvið) *	1.042 kr.
Fullur aðgangur að heimtaug	1.386 kr.
Skiptur aðgangur að heimtaug (efra tíðnisvið)	344 kr.
Aðgangur að tengigrind	905 kr.

*Ávallt er innheimt grunnverð fyrir aðgang að heimtaug.

Stofngjald heimtauga er 3.166 kr. fyrir hverja tengingu. Samkvæmt núverandi gjaldskrá Mílu er ekki gerður greinarmunur hvort heimtaug nær að götuskáp eða í símsstöð.

1.6 Bréfaskipti við Mílu

Með tölvupósti þann **5. janúar 2015** óskaði Míla eftir fresti til að skila inn kostnaðargreiningu á markaði 4. Með því gæti fyrirtækið uppfært líkanið við bókhaldsupplýsingar frá árinu 2014. Míla óskaði eftir fresti fram í mars til að skila kostnaðargreiningunni og gerði PFS ekki athugasemd við það.

Þann **3. febrúar 2015** lagði Míla fram lýsingu á kostnaðarbókhaldi sínu ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda í samræmi við ákvörðun PFS á mörkuðum 4, 5 og 6.

Með bréfi Mílu til PFS, dags. **27. mars 2015**, lagði fyrirtækið fram kostnaðargreiningu vegna aðgangs að koparheimtaugum. Í kostnaðargreiningunni var reiknað mánaðargjald fyrir aðgang að heimtaugum, aðgang að heimtaugum í götuskáp, aðgang að tengigrind og stofngjald heimtauga. Í bréfi Mílu kom fram að verðútreikningar fyrir sýndaraðgang að heimtaug (VULA) myndu fylgja með kostnaðargreiningu á bitastraumsaðgangi. Það kom fram hjá Mílu að verð fyrir tengda aðstöðu byggði á verði fyrir hýsingu og það yrði reiknað í sérstakri

⁹ Commission Recommendation of 11.9.2013 on Consistent non-discrimination obligations and costing methodologies to promote competition and enhance the broadband investment environment.



kostnaðargreiningu á hýsingu í samræmi við fyrri framkvæmd. Þá benti Míla á að ljósleiðarar í götuskáp væru hluti af ljósheimtaugakerfi Mílu. Ljósheimtaugar væru samkvæmt ákvörðun PFS ekki háðar verðkvöðum og hlyti það sama að eiga við um ljóslínur í götuskáp. Míla lagði því ekki fram útreikninga á verði fyrir ljóslínur í götuskápa.

Í bréfi PFS dags. **16. apríl 2015** gerði PFS athugasemd við túlkun Mílu á ákvörðun PFS nr. 21/2014 varðandi ljóslínur í götuskáp. Í bréfi sínu vísaði PFS í málsgrein nr. 762 í ákvörðun nr. 21/2014:

„Míla skal vegna aðgangs að götuskápum einnig útbúa gjaldskrá fyrir ljósleiðara frá símsstöð að götuskáp annars vegar og á milli götuskápa hins vegar. Um er að ræða gjaldskrá fyrir ljósþræði sem nýttir eru fyrir bitastraumsþjónustu með VDSL tækni.“

Þá vísaði PFS einnig í málsgrein nr. 764:

„Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti, skal gjaldskrá fyrir viðkomandi aðgang að koparheimtaugum, hluta koparheimtauga og ljóslínum í götuskáp auk aðgangs að tengdri aðstöðu vera kostnaðarviðmiðuð.“

Það væri því alveg ljóst að Mílu bæri að leggja fram kostnaðargreiningu á ljóslínum í götuskáp. PFS benti á að þessi vara væri grunnur að veitingu VDSL þjónustu enda hafi verið miðað við verðið á þessari þjónustu við útreikninga á verði í kostnaðargreiningu fyrir VDSL þjónustu á aðgangssleið 1 og 3.

Einnig væri það ljóst að ljóslína í götuskáp væri ekki það sama og ljósheimtaug og því væri á engan hátt hægt að álykta sem svo að kvöðin um eftirlit með gjaldskrá ætti ekki við um ljóslínur í götuskáp þó að ekki væri gjaldskrárkvöð á ljósheimtaugum.

PFS fór því fram á að Míla legði fram kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í götuskáp í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar nr. 21/2014.

Þá gerði PFS athugasemd við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) sem Míla notaði í kostnaðargreiningu sinni. Útreikninga á WACC má finna í kafla 2.2 hér að neðan.

Í bréfi Mílu til PFS, dags. **21. apríl 2015**, kom fram að Míla teldi að útreikningar á verði fyrir ljóslínur í götuskáp ættu frekar heima með ljóslínum til fyrirtækja á markaði 6. Míla lagði þess vegna til að kostnaðargreining á ljóslínum í götuskáp yrði skilað með kostnaðargreiningu á markaði 6.

Með svari sínu lagði Míla fram endurreiknaða kostnaðargreiningu í samræmi við breytingu á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar.

Á tímabilinu **22. maí 2015 til 7. ágúst 2015** áttu PFS og Míla í nokkrum bréfaskiptum varðandi ígildi og fjárfestingar í götuskápum.

Þann **26. júní 2015** lagði Míla fram erindi hjá PFS varðandi flokkun á ljósleiðurum á markað samkvæmt markaðsgreiningum. Í því erindi ítrekar Míla þá skoðun sína að fyrirtækinu beri ekki að leggja fram kostnaðargreiningu á ljóslínum í götuskápa.

Í bréfi PFS til Mílu dags. **19. ágúst 2015** ítrekar PFS að Mílu beri að leggja fram kostnaðargreiningu á ljóslínum í götuskáp í samræmi við gjaldskrárkvöð sem lögð var á fyrirtækið á markaði 4. Þá gerði PFS athugasemd við umfjöllun Mílu um rekstrarkostnað og benti á að raunhækkun hefði orðið á kostnaðinum frá síðustu greiningu á meðan fjöldi ígilda hefði lækkað. Einnig óskaði PFS eftir skýringum á rekstrarkostnaði sem félli undir liðina Innri þjónusta, Innri tölvuþjónustukostnaður og Innri símakostnaður.



Þá gerði PFS athugasemd við skiptingu *fjárfestingakostnaðar* vegna götuskápaáæðingar á milli kopars og ljósleiðara. PFS lagði til að við skiptingu á kostnaði vegna vinnuliðar yrði tekið tillit til hlutfalls efniskostnaðar í stað þess að miðað væri við mat Mílu. Þar með yrði hlutfall ljósleiðara 30% í stað 20%. Einnig lagði PFS til að Míla skoðaði nánar hvort að hluti af kostnaði vegna tengiskápa ætti ekki að vera borinn af ljósleiðaraheimtaugum. Þá lagði PFS til að í stað 8 ára *líftíma fjárfestinga* tengda ljósnetsvæðingunni yrði miðað við 10 ára líftíma.

Í bréfi Mílu dags. **10. september 2015** kemur fram varðandi *ljóslínur í götuskáp* að Míla hafi skoðað nánar skilgreiningar á vörum á markaði 6 og einnig samhengið við markað 4 og 5. Míla telji að ljóslínur í Aðgangsneti tilheyri markaði 4. Míla hafi því sent bréf til PFS þann 26. júní 2015 þar sem sjónarmið Mílu varðandi markaðsskilgreiningu á ljóslínum í Aðgangsneti sé skýrt.

Ljóslínur í götuskápa séu tæknilega nákvæmlega eins og aðrar ljóslínur í Aðgangsneti að öðru leyti en því að þær nái ekki alla leið til notenda. Það sé því mat Mílu að ef ljóslínur í Aðgangsneti verði skilgreindar sem hluti af markaði 4 verði það sama að gilda um ljóslínur í götuskápa. Míla bendir á að í Evrópu hafi verðkvöðum verið almennt aflétt í s.k. næstu kynslóðar netum. Ljóslínur í götuskápa séu nýttar sem undirlag undir VDSL en VDSL tilheyri næstu kynslóðar netum skv. skilgreiningu Evrópusambandsins.

Í 764 mgr. ákvörðunar PFS nr. 21/2014 (viðauki A) um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum heimtauga (M4) og bitastraums (M5) komi eftirfarandi fram:

Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti, skal gjaldskrá fyrir viðkomandi aðgang að koparheimtaugum, hluta koparheimtauga og ljóslínum í götuskáp auk aðgangs að tengdri aðstöðu vera kostnaðarviðmiðuð. PFS er heimilt við útreikninga á kostnaði að taka tillit til sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt. Jafnframt er PFS heimilt að gera verðsamanburð á niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar við gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum eins og á EES-svæðinu.

Samkvæmt ofangreindri grein beri svo að skilja að ljóslínur í götuskápa séu háðar verðkvöðum án þess að það sé rökstutt sérstaklega hvers vegna þær falla undir verðkvaðir. Í grein 772 sé aftur á móti fjallað um ljósleiðaraheimtaugar:

772) Á þessu stigi leggur PFS ekki kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá fyrir aðgang að ljósleiðaraheimtaugum, m.a. vegna þess hversu skammt á veg uppbygging ljósleiðaraheimtauga félagsins er komin. Fjöldi ljósleiðaraheimtauga Mílu í notkun var [...] í árslok 2013 sem er um [...] af heildarfjölda ljósleiðaraheimtauga í notkun eða um það bil [...] af heildarfjölda heimtauga í notkun.

Eins og sjá megi á grein 772 í ákvörðun nr. 21/2014 hafi PFS ekki lagt á kvöð um eftirlit með gjaldskrá fyrir aðgang að ljósleiðaraheimtaugum en í grein 764 sé lögð kvöð á um að verð fyrir ljósleiðara í götuskápa skuli vera kostnaðarviðmiðuð. Að mati Mílu stangist þessar greinar á enda sé ljósleiðarakerfi í Aðgangsneti í raun eitt heilstætt ljósleiðaraheimtaugakerfi þótt afhendingin á línunni sé á mismunandi stað eftir því hvort um sé að ræða ljósleiðara til fyrirtækja eða á GPON kerfi Mílu.

Að mati Mílu sé mjög óeðlilegt að leggja verðkvöð á ljóslínur í götuskáp ef aðrar tegundir ljósleiðaraþjónustu falli ekki undir verðkvöð. Leiguverð fyrir ljóslínur í götuskápa sé í dag 50% af verði fyrir ljóslínur í Aðgangsneti. Miðað við þá aðferð við útreikning á leiguverði sé í raun lögð verðkvöð á ljóslínur í Aðgangsneti ef það sé lögð verðkvöð á ljóslínur í götuskápa og öfugt.



Míla bendi jafnframt á að inntak markaðsgreiningarinnar sé í þeim anda að það sem tengt sé með kopar eigi áfram að vera undir verðkvöð en ljósleiðarnetið eigi ekki að vera háð verðkvöð. Þar sem ljóslínur í götuskápa séu aðföng undir VDSL þjónustu Mílu virðist PFS leggja verðkvöð á þann hluta. Þetta sé að mati Mílu í andstöðu við inntak Evróputilskipunar um næstu kynslóðar net (Digital Agenda) þar sem verðkvöðum hafi víða verið aflétt til að stuðla að ljósleiðaravæðingu. VDSL tilheyri næstu kynslóðar netum og því séu ljóslínur í götuskápa nauðsynlegur þáttur í ljósleiðaravæðingu á Íslandi.

Míla muni því ekki skila inn kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í götuskápa fyrr en botn sé kominn í þetta mál. Lagði Míla áherslu á að erindi fyrirtækisins frá 26. júní 2015 yrði svarað áður en lengra væri haldið.

Þá kom Míla fram með frekari skýringar varðandi *rekstrarkostnað* sem nánar er fjallað um í kafla 2.3 hér að neðan.

Hvað varðar athugasemdir PFS vegna *fjárfestingakostnaðar* þá bendi Míla á að fyrirtækið hafi farið sérstaklega yfir vinnuþáttinn í þessum fjárfestingum með helstu sérfræðingum Mílu í þessum efnum. Það hafi verið mat þeirra að eðlileg hlutdeild ljóss í vinnuþætti framkvæmdanna væri [...] ¹⁰. Þrátt fyrir það féllst Míla á það að miða við [...] skiptingu í kostnaðargreiningunni eins og PFS lagði til. Míla lagði fram endurreiknaða kostnaðargreiningu í samræmi við þessa skiptingu.

Hvað varðar þátttöku ljósleiðaraheimtauga í fjárfestingum við tengiskápa þá bendir Míla á að það hafi komið áður fram hjá fyrirtækinu að framtíðarhöggun sé ekki ákveðin en líklega verði ljósheimtaugar tengdar í einhverjum tilfellum í skápum. Það hafi verið tekið sérstaklega fram að þá muni ljósheimtaugar taka við af koparheimtaugum. Það sé því ekki gert ráð fyrir að um viðbótartengingar verði að ræða (og þar með tekjur að ræða). Ekki sé farið að tengja ljósheimtaugar í götuskápa og algjörlega óvíst í hversu miklum mæli það verði gert. Í mörgum tilvikum mun ekki verða rými í fyrirbyggjandi götuskápum undir ljósheimtaugar og í öðrum tilfellum muni Míla líklega meta það svo að hagkvæmast sé að tengja ljósheimtaugar í brunnnum.

Míla lagði til að í næstu kostnaðargreiningu yrði reiknað endurstofnverð tengiskápa og fjárfestingunni yrði skipt á milli ljósheimtauga og koparheimtauga. Skiptingin myndi miðast við hlutfall tengdra ljósheimtauga og koparheimtauga í skápunum. Þetta sé sama aðferð og notuð sé í kostnaðarlíkaninu fyrir bitastraumsaðgang (skipting ISAM á milli GPON og xDSL tenginga).

Þar sem engar ljósheimtaugar séu í dag tengdar í tengiskápum Mílu sé óþarfi að reikna endurstofnverðið í þessari greiningu þar sem koparheimtaugar taki til sín allan kostnaðinn.

Hvað varði athugasemdir PFS varðandi *líftíma* fjárfestinga tengdum ljósnetsvæðingunni þá telji Míla óskynsamlegt að miða við [...] ára líftíma. [...]. Í ljósi þessa telji Míla mikilvægt að miðað verði við [...] ára líftíma en ekki [...] ára líftíma eins og PFS leggur til. [...] Þá sé mögulegt að endurskoða þennan líftíma breytist forsendur.

Í bréfi PFS til Mílu dags. **25. nóvember 2015** varðandi flokkun á ljósleiðurum á markað samkvæmt markaðsgreiningum var erindi Mílu frá 26. júní 2015 svarað.

Hvað varðar ljóslínur í götuskápa þá vísaði PFS til þess að það hafi verið sérstaklega tekið fram í ákvörðun PFS nr. 21/2014 að ljóslínur í götuskápa heyri undir verðkvöð. Ljósleiðarasambönd

¹⁰ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.



frá götuskápum til endanotenda væru hins vegar undanþegin. Að mati PFS væri þetta skýrt í umræddri ákvörðun.

Þá vísaði PFS í þá ósk Mílu um að stofnunin tæki rökstudda ákvörðun um það hvernig bæri að skilja það hvers konar ljósleiðarar heyrðu undir markað 4 annars vegar og markað 6 hins vegar. PFS benti á í því sambandi að Míla hefði ekki kært ákvarðanir PFS, hvorki á markaði 4 né markaði 6. PFS benti á að enginn vafi ríkti um túlkun á þessum atriðum sem voru til umfjöllunar í erindi Mílu. Við næstu umferð markaðsgreininga á umræddum mörkuðum gæti félagið komið að sjónarmiðum sínum varðandi þetta og kært niðurstöðu PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða skotið henni til dómstóla ef félagið væri ósátt við hana.

Þá ítrekaði PFS að Mílu bæri að skila kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í götuskápa án ástæðulauss dráttar og gaf Mílu frest til 9. desember 2015 til að leggja fram kostnaðargreininguna.

Á tímabilinu **19. nóvember 2015 til 9. desember 2015** áttu PFS og Míla í nokkrum bréfaskiptum varðandi ígildi, kostnað vegna tengigrinda og kostnað vegna birgða.

Míla lagði fram uppfærða kostnaðargreiningu þann **4. desember 2015** og er það sú greining sem þau ákvörðunardrög PFS sem fóru í samráð 23. desember 2015 byggðu á.

Í kjölfar innanlandssamráð og þeirra athugasemda sem bárust áttu Míla og PFS í samskiptum um breytta uppbyggingu á gjaldskrá sem gæti tekið á þeim athugasemdum sem bárust.

Míla lagði í kjölfarið fram endurskoðaða kostnaðargreiningu þann **30. mars 2016**. Í henni var mánaðarverð fyrir aðgang að heimtaug endurreiknað á grundvelli þess kostnaðargrunns sem PFS hafði samþykkt í samræmi við þá breytingu að eingöngu yrði eitt mánaðargjald fyrir aðgang að heimtaug og að stofngjöld héldust óbreytt. Niðurstaða um heimtaugaverð samkvæmt þessari breytingu fór í samráð þann 26. apríl 2016 og stóð samráðið til 16. maí 2016. Samráðið var takmarkað við þá þætti kostnaðargreiningar Mílu sem snéru að uppbyggingu á gjaldskrá fyrir aðgang að heimtaugum og stofngjaldi.

Þann **27. febrúar 2017** óskaði PFS eftir að Míla uppfærði greininguna með gögnum frá 2016 og lagði Míla fram uppfærða greiningu þann 7. mars 2017 sem síðan var leiðrétt þann **9. mars sl.** Það er sú greining sem niðurstaða PFS byggir á.



2 Afstaða PFS

2.1 Almennt

Í köflum 2.2 til 2.9 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS til þeirrar kostnaðargreiningar, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir leigu á koparheimtaugum. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

1. Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Fjárfestingarkostnaður.
4. Stofn- og aðgangsgjöld.
5. Aðgangur að tengigrind.
6. Línufjöldi.
7. Útreikningur leiguverðs.

Hver undirkafli er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu, og síðan afstöðu PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 2.9 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

Afstaða PFS byggir á heimild stofnunarinnar í fjarskiptalögum og vísast þá helst til 32. gr. um eftirlit með gjaldskrá og 31. gr. um bókhaldslegan aðskilnað, ásamt ákvörðun PFS nr. 21/2014.

Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhaldbók fyrirtækisins ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Þá hefur Míla lagt fram greiningu á kostnaði vegna leigu fyrirtækisins á koparheimtaugum ásamt frekari útskýringum að beiðni PFS. Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 27. mars 2015 ásamt þeim uppfærslum sem fyrirtækið hefur lagt fram, nú síðast þann 9. mars 2017.

2.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu dags. 9. mars 2017 var miðað við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar samkvæmt eftirfarandi töflu:



	2016
Áhættulausir vextir.....	2,57%
Skuldaálag.....	3,00%
<i>Kostnaður skulda</i>	<i>5,57%</i>
Markaðsálag.....	5,00%
Óvoguð beta.....	51,00%
Voguð beta.....	72,97%
Eigið fé.....	65,00%
Skuldir/Eigið fé.....	53,85%
Önnur áhætta (alpha).....	0,00%
Skatthlutfall.....	20,00%
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta</i>	<i>6,22%</i>
<i>Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta</i>	<i>7,77%</i>
WACC fyrir skatta	7,00%

2.2.2 Afstaða PFS

Í 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspegla tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og –skulda.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) vegna rekstrarársins 2016, miðað við forsendur PFS, er sýndur í töflunni hér að neðan :

Ávöxtunarkrafa	2016
Áhættulausir vextir	2,57%
Óvoguð beta	0,51
Voguð beta	0,73
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	6,22%
Áhættulausir vextir	2,57%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	5,57%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	4,46%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	7,77%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	7,0%

Samkvæmt ofangreindu leggur PFS til að miðað verði við 7,0% WACC.

Útreikningar byggðir á gögnum um samanburðarfélög úr Bloomberg gagnaveitunni gefa til kynna að Beta gildi fyrir fjarskiptafyrirtæki liggi á bilinu 0,48-0,52. PFS hefur ákveðið að miða við gildið 0,51.

PFS telur rétt að miða áhættulausa vexti við ávöxtunarkröfu á HFF 1506 2044 skuldabréfi Íbúðalánasjóðs í stað HFF1504 2034, en bréfin endurspeglar í dag best það greiðsluflæði sem verið er að núvirða, þegar tekið er tillit til lengdar á líftíma.

Hins vegar hefur óvissa ríkt um framtíð Íbúðalánasjóðs undanfarin misseri og hefur að mati greiningaraðila myndast áhættuálag ofan á verðtryggt bréf Íbúðalánasjóðs. Það bendir til þess að ávöxtunarkrafa á HFF skuldabréfaflokka endurspegli ekki lengur áhættulausa vexti á markaði. Til að meta áhættulausa vexti tekur PFS tillit til leiðréttingar sem nemur metnu „Íbúðarlánasjóðsálagi“ hverju sinni.

Miðað við framangreindar forsendur þá er meðaltal áhættulausra vaxta síðustu fimm ára 2,57%.

Í samræmi við ofangreint er það mat PFS að veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC real) fjarskiptafyrirtækis á Íslandi sé 7,0% fyrir árið 2016 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð fyrirtækisins.

Míla gerði ekki athugasemd við þetta mat PFS og tekur endurskoðuð kostnaðargreining Mílu mið af því.

2.3 Rekstrarkostnaður

2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 27. mars 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi rekstrarkostnað:

„Eins og fram kom í skýrslu um uppbyggingu kostnaðarbókhalds Mílu sem send var PFS þann 3. febrúar s.l. skiptir Míla bókhaldi sínu upp eftir eðli og tilgangi afkomueininga. Haldið er sérstaklega utan um rekstur á koparheimtaugum Mílu og er rekstrarkostnaði skipt í nokkra megin-kostnaðarflokka:

- Kopar
- Notendaörbylgjur
- Notendafjölsímar
- Bilanir
- Tengingar
- Tengigrindur

Hver flokkur er jafnframt flokkaður eftir því hvar á landinu viðkomandi kostnaður á uppruna sinn.

Að auki eru nokkrar kostnaðarstöðvar til viðbótar sem ekki eru tengdar ákveðnum landssvæðum en þær eru:

- Aðgangsnét
- Línuúthlutun
- NMS kerfið
- Þjónustuborð
- Próunarverkefni
- Notendafjölsímabúnaður

Rekstrarkostnaður pr. kostnaðarflokk

Þann 9. mars 2017 lagði Míla fram uppfærslu á sundurliðun á rekstrarkostnaði sbr. eftirfarandi tafla:

	2011	2012	2013	2014	2016
Aðgangsnét.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kopar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Notendafjölsímar.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Notendaörbylgjur.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
NMS kerfið.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bilanir.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tengingar.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tengigrindur.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Þjónustuborð.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Línuúthlutun.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]



Sundurliðun rekstrarkostnaðar á tegundir

Í kostnaðargreiningu Mílu er einnig gert grein fyrir því hvernig rekstrarkostnaður skiptist á tegundir:

	2011	2012	2013	2014	2016
Efni.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Millifærð vinna.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leyfisgjöld.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðkeypt þjónusta.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vinnuvélar.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Skrifstofukostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ferðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Húsnæðiskostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bifreiðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Yfirstjórnar- og stoðeildakostnaður..	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður án vaxta, tekjuskatts og afskrifta	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Fram kom hjá Mílu að kostnaður hafi lækkað umtalsvert. Lækkunina megi rekja til innvistarþjónustu, minni umsvifa í kerfinu og að Míla hafi hætt niðurtöku heimtauga við uppsagnir.

2.3.2 Afstaða PFS

Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað kóparheimtauganets félagsins á árinu 2016 og 2014 sem og þróun einstakra kostnaðarliða frá því að síðasta kostnaðargreining var gerð sem byggði á rekstrarkostnaði ársins 2012. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

Í eftirfarandi töflu má sjá skiptingu rekstrarkostnaðar frá 2012, greint niður á kostnaðarflokka og breytingu frá árinu 2012.

	2012	2013	2014	2016	Breyting frá 2012
Aðgangnet	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kopar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Notendafjölsímar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Notendaörbylgjur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
NMS kerfið	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bilanir	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tengingar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tengigrindur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Þjónustuborð	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Línuúthlutun	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Við samanburð á rekstrarkostnaði milli 2012 og 2016 sést að rekstrarkostnaður hefur [...]. Á sama tíma hefur vísitala byggingaverðs hækkað um 14% en heimitaugum hefur hins vegar fækkað á tímabilinu.

PFS telur eðlilegt að vænta þess að rekstrarkostnaður lækki að einhverju leyti með fækkun ígilda þar sem hluti rekstrarkostnaðarins er breytilegur með fjölda heimitauga í útleigu.

Í eftirfarandi töflu má sjá þróun rekstrarkostnaðar á hvert línúígildi¹¹. Miðað er við meðal línúígildi hvers árs.

Ár	Rekstrar-kostnaður	Meðal-línuígildi	Kostnaður á hvert ígildi	Breyting milli ára
2009	[...]	[...]	[...]	[...]
2010	[...]	[...]	[...]	[...]
2011	[...]	[...]	[...]	[...]
2012	[...]	[...]	[...]	[...]
2013	[...]	[...]	[...]	[...]
2014	[...]	[...]	[...]	[...]
2016	[...]	[...]	[...]	[...]

Eins og sést í töflunni hér að ofan hefur línúígildum [...]

Þá hefur rekstrarkostnaður á hvert línúígildi hækkað um [...] frá 2009 og um [...] frá árinu 2012. Borið saman við þróun byggingavísitölu þá hefur hún hækkað um 34% frá 2009 og um 14% frá 2012. Ef miðað er við byggingavísitölu þá hefur rekstrarkostnaður á hvert ígildi því hækkað minna en vísitalan og því um raunlækkun á kostnaði að ræða.

Miðað við ofangreint þá telur PFS að þróun á rekstrarkostnaði Mílu sé jákvæð. Þróunin á rekstrarkostnaði Mílu bendir til að þrátt fyrir fækkun línúígilda og óhagræði sem af því getur hlotist hafi kostnaður per ígildi ekki aukist umfram verðlag og er reyndar um raunlækkun að ræða.

¹¹ Miðað við útreikninga á ígildi samkvæmt eldri aðferð sjá kafla 2.7.



Míla flokkar einnig rekstrarkostnaðinn eftir tegundum. Í eftirfarandi töflu sést hvernig hlutdeild hvernarr tegundar í heildarkostnaði hefur þróast:

Tegund	2012	%	2013	%	2014	%	2016	%
Efni	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Millifærð vinna	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leyfisgjöld	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðkeypt þjónusta	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Vinnuvélar	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Skrifstofukostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ferðakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Húsnæðiskostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bifreiðakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskrifaðar tapaðar kröfur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Yfirstjórnar- og stoðeildakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður án vaxta, tekjusk. og afskrifta	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Hlutdeild í heildarkostnaði helst nokkuð stöðug milli ára í flestum flokkum. [...]

Í útreikningum á mánaðargjaldi heimtauga styðst PFS við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2016. PFS telur að Míla hafi lagt fram fullnægjandi skýringar á einstökum þáttum þar sem frávik eru.

Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2016 sem lagður er til grundvallar útreiknings heimtaugaleigu nemi samtals [...]

2.4 Fjárfestingarkostnaður

2.4.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 27. mars 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi fjárfestingarkostnað:

„Yfirlit yfir fjárfestingar

Stofnverð fjárfestinga er reiknað með sömu reikniáðferð og áður. [...]

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 10. september 2015, féllst Míla á það að miða við [...] skiptingu á milli ljósleiðara og kopars vegna götuskápavæðingar í kostnaðargreiningunni eins og PFS lagði til. Míla lagði fram endurreiknaða kostnaðargreiningu í samræmi við þessa skiptingu.

Þann 27. febrúar 2017 óskaði PFS eftir að Míla uppfærði kostnaðargreininguna miðað við rekstrarárið 2016 og lagði Míla fram uppfærða greiningu þann 7. mars 2017 sem tekur tillit til fjárfestinga fram til ársins 2016. Kostnaðarlíkanið var síðan leiðrétt þann 9. mars sl. Það er sú greining sem niðurstaða PFS byggir á.

**Fjárfestingar í koparkerfinu á nafnverði:**

Kaupár	Notendalínur	Ljósnet-kopar	Örbylgjur	Tæki og búnaður	Tengi-grindur	NMS	Samtals
2016	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2015	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2014	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2013	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2012	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2011	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2010	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2009	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2008	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2007	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2006	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2005	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2004	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2003	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2002	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2001	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2000	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1999	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1998	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1997	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1996	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1995	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
1994	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Fram kom hjá Mílu varðandi framreiknað stofnverð fjárfestinga að það sé reiknað með sama hætti og í fyrri greiningum. Fjárfestingar í tengigrindum og koparheimtaugum séu framreiknaðar frá árinu 2002 miðað við vísitölu byggingakostnaðar. Líftími þessara fjárfestinga sé 20 ár.

Við mat á fjárfestingu í kopar frá því fyrir árið 2001 miðist við stofnverðið eins og það var reiknað í kostnaðargreiningu frá árinu 2002. Stofnverðið hafi verið [...] kr. og miðast það við 20 ára líftíma fjárfestingar. Það sé því reiknað sem hlutfall af þessari fjárhæð miðað við fjölda ára sem sú fjárfesting þarf að ná yfir.

Í bréfi Mílu dags. 8. mars 2017 kemur fram að Míla telji rétt að taka tillit til þess í útreikningum að á næstu árum munu fjárfestingar í koparheimtaugum snarminnka. Samkvæmt fjárhagsáætlun Mílu vegna koparheimtauga á árinu 2017 sé aðeins gert ráð fyrir [...] kr., auk þess sem ljósnetsvæðingunni verði að mestu lokið á árinu 2017. Áherslur næstu ára verði í ljósleiðaraheimaugavæðingu bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Fjárfestingar í koparkerfinu muni því að langstærstum hluta lúta að fjárfestingaviðhaldi. Míla leggur því til að við útreikning á fjárfestingastofni verði gert ráð fyrir áætluðum fjárfestingum í kopar og ljósneti 2017 og 2018. Á móti verði fjárfestingar árána 1997 og 1998 í kopar felldar út.

Við mat á fjárfestingum frá 1999 til 2001 miðar Míla því við hlutfallið 3/20 af [...] kr. Fjárfestingar Mílu eru framreiknaðar til meðalverðlags ársins 2016.



Hér að neðan er yfirlit yfir framreiknað stofnverð fjárfestinga í koparkerfinu miðað við kostnaðarlíkan Mílu frá 9. mars sl.:

Grunnvísitala	Kaupár	Kopar endurreiknað	Ljósnet kopar endurreiknað	Tæki og búnaður	Tengi-grindur	NMS	Samtals
	2018	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	2017	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
652,8	2016	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
628,0	2015	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
602,3	2014	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
593,2	2013	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
573,1	2012	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
539,4	2011	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
508,5	2010	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
488,9	2009	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
428,8	2008	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
371,6	2007	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
339,7	2006	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
313,9	2005	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
297,9	2004	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
285,9	2003	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
276,7	2002	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
257,5	-2001	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	Stofn	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	Samtals	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 27. mars 2015, kemur eftirfarandi fram varðandi árgreiðslu fjárfestinga:

„Árgreiðsla fjárfestinga

Árgreiðsla fjárfestinga er reiknuð með sama hætti og í fyrri greiningum. Miðað er við 20 ára líftíma á koparkerfinu og tengigrindum, 5 ára líftíma í notendaörbylgjum og 10 ára líftíma vegna NMS og tækjabúnaðar. Þá er gert ráð fyrir 8 ára líftíma á fjárfestingum tengdum ljósnetsvæðingunni. [...]

Eftirfarandi tafla var uppfærð í kostnaðargreiningunni sem Míla lagði fram 9. mars 2017 og miðar við 7,0% WACC:

Árgreiðsla fjárfestinga:

Fjárfestingar	Endurreiknað stofnverð	Líftími	Árgreiðsla
Kopar	[...]	20	[...]
Ljósnet, kopar....	[...]	8	[...]
Notendaörbylgjur	[...]	5	[...]
NMS kerfið.....	[...]	10	[...]
Tækjabúnaður....	[...]	10	[...]
Tengigrindur.....	[...]	20	[...]
	[...]		[...]

Taflan sýnir niðurstöðu útreikninga Mílu á framreiknuðu stofnverði vegna fjárfestinga Mílu á árunum 1999-2016 og áætlaða fjárfestingu fyrir árin 2017 og 2018.

2.4.2 Afstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 kemur fram að við mat fjárfestingar skuli byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.

Í kostnaðargreiningu Mílu er gengið út frá bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi fyrirtækisins vegna fjárfestinga á árunum 2002 til 2016. Hvað varðar fjárfestingar vegna árana 1999-2001 er miðað við meðalfjárfestingar á ári út frá fjárfestingastofni í árslok 2001. Míla byggir á sömu aðferðafræði og PFS samþykkti í ákvörðun stofnunarinnar nr. 13/2009 og vísast til þeirrar ákvörðunar varðandi nánari umfjöllun um forsendur og niðurstöðu PFS. Í ákvörðun PFS nr. 13/2009 kom fram hvaða aðferð stofnunin teldi rétt varðandi útreikning á fjárfestingum Mílu sl. 20 ár. Lengsti líftími fjárfestinga er 20 ár og eignir með 20 ára líftíma eru metnar í samræmi við fjárfestingar á 15 ára tímabili, 2002 til 2016, en eldri fjárfestingar eru metnar sem hlutfallið 3/20 af stofni ársins 2001. Eignir með 10 ára líftíma eða skemmri eru metnar á grundvelli fjárfestinga Mílu á árunum 2007 til 2016.

Samkvæmt því sem fram kemur hjá Mílu er framundan breyting í fjárfestingastefnu Mílu og munu fjárfestingar í koparkerfinu á næstu misserum að langstærstum hluta lúta að fjárfestingaviðhaldi. Míla hefur þegar hafið fjárfestingu í ljósleiðaraheimtaugum á höfuðborgarsvæðinu og hyggst í framtíðinni leggja áherslu á þá uppbyggingu í stað koparkerfisins. Í samræmi við það hefur Míla lagt til að fjárfestingaáætlun Mílu í koparkerfinu næstu tvö árin verði tekin inn í fjárfestingastofninn og í staðinn verði eldri fjárfestingar felldar út. Áhrif þessa eru svipuð og ef um styttingu á líftíma væri að ræða, í ljósi þeirra óvissu sem ríkir um framtíð koparkerfisins.

PFS gerir ekki athugasemd við að horft sé til framtíðar hvað varðar fjárfestingar í koparkerfi Mílu og að tekið sé tillit til þess í fjárfestingastofninum. Framundan eru breytingar í aðgangsnetinu hér á landi þar sem ljósheimtaugum fer sífellt fjölgandi og koparheimtaugum fækkandi sem getur skilað háu einingaverði úr kostnaðarlíkaninu. PFS telur mikilvægt að reynt sé að viðhalda stöðugu verðlagi á koparheimtaugum og þessi nálgun Mílu við útreikninga á fjárfestingastofni stuðlar að því.

Í kostnaðargreiningu Mílu er flokkun á fjárfestingum breytt frá því sem var í fyrri greiningu til að aðgreina frá kostnað vegna ljósleiðara í götuskápavæðingu Mílu. Efni og búnaður var færður



á kopar annars vegar og ljósleiðara hins vegar. PFS lagði til breytingu á skiptingu á vinnuþætti þessarar fjárfestingar sem Míla féllst á og er því skiptingin þannig að [...] vinnuþáttar tilheyra ljósleiðurum og [...] kopar.

Eins og kom fram hér að ofan þá lagði PFS til að skoðað yrði hvort hluti fjárfestinga vegna tengiskápa yrði heimfærður á ljósleiðaraheimtaugar. Fram kom hjá Mílu að ekki sé farið að tengja ljósheimtaugar í götuskápa og algjörlega óvíst í hversu miklum mæli það verði gert. Í því ljósi telur PFS rétt að þetta verði skoðað frekar í næstu kostnaðargreiningu á þessum markaði þegar ljóst verður hver nýting ljósleiðaraheimtauga verður í þessum skápum.

Míla framreiknar fjárfestingar til ársins 2016 með byggingarvísitölu og er miðað við meðalvísitölu ársins.

Niðurstaða PFS er því að fjárfestingakostnaður Mílu framreiknaður til ársins 2016 auk fjárfestingaáætlana fyrir árin 2017 og 2018 sem lagt er til grundvallar útreiknings heimtaugaleigu nemi samtals [...] kr.

Líftími fjárfestinga er óbreyttur frá síðustu kostnaðargreiningu nema hvað varðar fjárfestingar vegna götuskápavæðingar Mílu en Míla lagði til að miðað væri við 8 ára líftíma. [...] PFS getur fallist rök Mílu fyrir því að líftími fjárfestinga vegna götuskápavæðingar Mílu séu 8 ár. Auk þess hefur stofnunin haft greiningar annarra eftirlitsstofnana til hliðsjónar hvað varðar líftímann.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu í útreikningi á árgreiðslu fjárfestingar.

Fjárfestingar	Endurreiknað stofnverð	Líftími	Árgreiðsla
Kopar	[...]	20	[...]
Ljósnet, kopar	[...]	8	[...]
NMS kerfið	[...]	10	[...]
Tækjabúnaður	[...]	10	[...]
Tengigrindur	[...]	20	[...]
	[...]		[...]

Árgreiðsla vegna fjárfestinga sem lagt er til grundvallar útreiknings leigu á koparheimtaugum er [...] kr.

2.5 Stofngjöld

Samkvæmt endurskoðaðri kostnaðargreiningu Mílu í kjölfar fyrsta innanlandssamráðs á þessum drögum að ákvörðun var ekki gert ráð fyrir hækkun á stofngjöldum og munu þau því haldast óbreytt 3.166 kr. Árstekjur af stofngjöldum á árinu 2016 voru [...] kr. Sú upphæð kemur til frádráttar á kostnaðargrunninum sem notaður er til útreikninga á mánaðargjaldi fyrir aðgang að koparheimtaugum.

PFS gerir ekki athugasemd við óskir Mílu um óbreytt stofngjald.

2.6 Aðgangur að tengigrind

2.6.1 Kostnaðargreining Mílu

Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 27. mars 2015, kom fram að tekjur fyrir aðgang að tengigrindum voru eftirfarandi á árinu 2014:

Tekjur fyrir aðgang að tengigrindum 2014	
Ytri tekjur.....	[...]
Innri tekjur.....	[...]
	[...]

Þá lagði Míla einnig fram útreikninga á kostnaði vegna tengigrinda.

[...]

Í uppfærðri greiningu Mílu dags. 9. mars 2017 kemur fram að tekjur Mílu fyrir aðgang að tengigrindum á árinu 2016 hafi numið [...] kr. Miðað við 22% hækkun á gjaldi fyrir aðgang að tengigrindum yrði frádráttur vegna áætlaðra tekna af þessum aðgangi [...] kr.

2.6.2 Afstaða PFS

Áætlaðar árstekjur af tengigrindum koma til frádráttar þeim kostnaði sem notaður er til útreikninga á mánaðargjöldum fyrir aðgang að heimtaugum.

PFS fellst á að hækkun á mánaðargjaldi fyrir aðgang að tengigrindum verði í samræmi við hækkun á heimtaugum frá 2011, eða um 22%. Mánaðargjald fyrir aðgang að tengigrind var síðast ákvarðað árið 2011.

Í samræmi við ofangreint mun verð fyrir aðgang að tengigrind hækka úr 905 kr. í 1.104 kr. á mánuði fyrir 100 línu tengihausa. Tekjur vegna mánaðargjalda fyrir aðgangi að tengigrindum eru að sama skapi áætlaðar 22% hærrí en tekjur af mánaðargjöldunum á árinu 2016, eða [...] kr. Sú upphæð kemur til frádráttar á kostnaðargrunninum sem notaður er til útreikninga á mánaðargjaldi fyrir aðgang að koparheimtaugum.

2.7 Línufjöldi

Með þeim breytingum sem lagðar voru til í aukasamráðinu (sbr. kafli 1.2 hér að ofan) er aðgangsgjaldi að heimtaug ekki lengur skipt upp í efra og neðra tíðnisvið og ekki er lengur gert ráð fyrir mismunandi gjaldi eftir því hvort heimtaugin sé í götuskáp eða símstöð. Því er ekki lengur þörf á að reikna með mismunandi ígildum heimtaugar. Þess í stað er í útreikningum á mánaðargjöldum miðað við heildarfjölda leigðra heimtauga. Fjöldi heimtauga í notkun í lok 2016 var [...].

2.8 Útreikningur leiguverðs

2.8.1 Kostnaðargreining Mílu

Í uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 9. mars 2017, er eftirfarandi tafla sem sýnir heildarkostnað við koparkerfi Mílu að frádregnum tekjum af stofngjöldum, tengigrindum og öðrum einskiptistekjum, miðað við ofangreindar forsendur:



	2012	2014	2016
Árgreiðsla fjárfestinga.....	[...]	[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....	[...]	[...]	[...]
Kostnaður v. birgða.....	[...]	[...]	[...]
Frádráttur v. aðg. að tengigrind....	[...]	[...]	[...]
Frádráttur v. stofngj.....	[...]	[...]	[...]
Frádráttur v. annarra tekna.....	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]

Í útreikningum sínum á kostnaði vegna birgða miðar Míla við birgðastöðu í lok 2016.

Niðurstaða Mílu er að kostnaður koparheimtauga sem innheimtist með mánaðargjöldum sé um [...] kr. Í samræmi við það að fjöldi heimtauga í notkun sé [...] er því mánaðargjald fyrir aðgang að heimtaug **1.406 kr.**

2.8.2 Afstaða PFS

Afstaða PFS byggir á kostnaðarlíkani sem Míla lagði upphaflega fram þann 27. mars 2015. Líkanið var uppfært í nokkur skipti við meðferð kostnaðargreiningarinnar hjá PFS og er líkanið frá 9. mars sl. lokaniðurstaða Mílu, en PFS óskaði eftir því að líkanið yrði uppfært miðað við gögn frá 2016.

Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á rekstri ársins 2016.
- Fjárfestingar voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2016, auk þess sem fjárfestingaáætlanir fyrir árin 2017 og 2018 voru teknar til greina.
- Einingarfjöldi er miðaður við fjölda leigðra heimtauga í árslok 2016.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er 7,0% vegna ársins 2016.

Í samræmi við það sem fram kemur hér að ofan samþykkir PFS niðurstöðu Mílu um rekstrarkostnað, árgreiðslur fjárfestinga, stofngjöld, mánaðargjöld vegna aðgangs að tengigrindum og einingafjölda samkvæmt uppfærðri kostnaðargreiningu Mílu, dags. 9. mars 2017.

Míla reiknar út að kostnaður vegna fjárbindingar í birgðum árið 2016 sé [...] kr. miðað við 7,0% ávöxtunarkröfu. Birgðastaðan hjá Mílu var [...] kr. í árslok 2016. PFS vísar í úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009, dags. 15. janúar 2010, varðandi kostnaðargreiningu fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum. Í úrskurðarorðum er mælt fyrir um að PFS taki tillit til fjárbindingar Mílu í veltufjármunum sem nemi meðalstöðu birgða sem tilheyra rekstri og uppbyggingu aðgangsnetsins. Samkvæmt tölvupósti frá Mílu dags. 16. mars sl. var meðalstaða birgða [...] kr. Samkvæmt því er kostnaður vegna fjárbindingar í birgðum [...] kr. fyrir árið 2016.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað við koparkerfi Mílu að frádregnum tekjum af stofngjöldum, tengigrindum og öðrum einskjástekjum:

	2016
Árgreiðsla fjárfestingar	[...]
Rekstrarkostnaður	[...]
Kostnaður v. birgða	[...]
Frádráttur v. aðgangs að tengigrind	[...]
Frádráttur v. stofngjalda	[...]
Frádráttur v. annarra tekna	[...]
	[...]

Samkvæmt þessu er árlegur kostnaður fyrirtækisins, að meðtöldum hæfilegum hagnaði, sem endurheimtist með mánaðargjöldum fyrir aðgang að heimtaugum rúmlega [...] kr. Til samanburðar var þessi kostnaður tæpir [...] kr. árið 2012 og er því um [...] lækkun að ræða. [...] Áætlað er að árstekjur Mílu muni hækka um rúmlega 5%.

Eins og kemur fram í kafla 2.7 hér að ofan var fjöldi heimtauga, [...] í desember 2016. Samkvæmt því er mánaðargjald fyrir aðgang að heimtaug **1.406 kr.** Um er að ræða fullan aðgang að heimtaug en ekki verður innheimt gjald fyrir aðgang að efra tíðnisviði heimtaugar ef neðri tíðnisviðið er í notkun. Fullur aðgangur að heimtaug kostar nú 1.386 kr. og því er um að ræða um rúmlega 1% hækkun. Hins vegar er um að ræða þó nokkra hækkun á grunnaðgangi að heimtaug, þ.e. neðra tíðnisviði eingöngu en það kostar nú 1.042 kr. og hækkar um 35%. Þess má geta í þessu samhengi að þessi aðgangur, þ.e. eingöngu talsímaaðgangur, hefur farið fækkandi með árunum og er ekki stór hluti af leigðum heimtaugum í dag. Þá mun slíkur aðgangur nánast leggjast af þegar PSTN kerfi Símans verður lagt niður en Síminn gerir ráð fyrir að útfösun á því hefjist fljótlega og verði lokið á árinu 2020. Síminn er með langstærsta PSTN kerfið hér á landi og líklegt að PSTN símsstöðvar annarra fjarskiptafyrirtækja muni leggjast af í kjölfarið.

Ekki verður lengur sérstakt gjald fyrir efra og neðra tíðnisviðið og gjaldið fyrir efra tíðnisviðið verður því ekki lengur innifalið í gjaldi fyrir aðgangsleið 1 til 3. Núverandi gjald fyrir aðgangsleið 1 til 3 hefur því verið endurreiknað í samræmi við það.

Heimtaugagjaldið (fyrir alla heimtaugina) mun í framkvæmd innheimtast eins og nú er innheimt fyrir neðra tíðnisvið heimtaugar (PSTN þjónustuna). Sé neðra tíðnisvið heimtaugar hins vegar ekki notað greiðir sá sem nýtir efra tíðnisviðið fyrir heimtaugina, þ.e. internetþjónustuaðilinn. Ef heimtaugin er hvorki nýtt til að veita internetþjónustu né PSTN þjónustu þá mun sá aðili sem veitir IPTV þjónustu greiða heimtaugagjaldið og ef eingöngu er veitt VoIP þjónusta um heimtaugina þá mun sá aðili greiða heimtaugagjaldið. Með öðrum orðum þá er röð þeirrar þjónustu sem mun bera heimtaugagjaldið eftirfarandi: PSTN, Internet, IP-TV og VoIP. PFS telur þetta fyrirkomulag valdi lágmarks röskun miðað við núverandi framkvæmd.

2.8.3 Verðbil samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnar ESB


Eins og nefnt var hér að ofan þá kom fram í ákvörðun PFS nr. 21/2014 að stofnuninni væri heimilt að hafna verðum sem lægu fyrir utan það verðbil sem framkvæmdastjórn ESB legði til á hverjum tíma samanber tilmæli framkvæmdastjórnar ESB um beitingu samræmdrar jafnræðiskvaðar og kostnaðargreiningaraðferða til að auka samkeppni og efla fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnetum (NGA).

Eins og fram kemur í Viðauka A við ákvörðun PFS nr. 21/2014 er verðbilið sem tilgreint er í tilmælunum 8 til 10 € miðað við verðlag ársins 2012. Þar kemur einnig fram að taki PFS ákvörðun um að hafna niðurstöðum kostnaðargreiningar um verð fyrir aðgang að koparheimtaugum mun stofnunin ákvarða verð út frá meðaltali þeirra aðgangsverða sem ákvörðuð eru af eftirlitsstofnunum á sambærilegum samkeppnismörkuðum og eru í samræmi við framangreind tilmæli. Einnig kemur fram á ákvörðuninni að PFS geti samþykkt verð fyrir aðgang að heimtaugum sem liggja utan þess verðbils sem tilgreint er í tilmælunum ef um sérstakar aðstæður sé að ræða. Slíkar aðstæður geti t.d. skapast vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar.

Af þessu leiðir að PFS ber að skoða hvort ákvarða eigi verð fyrir heimtaugaleigu út frá kostnaðargreiningu Mílu eða með verðsamanburði.

Upphafleg kostnaðargreining Mílu var lögð fram í mars 2015 og á þeim tímapunkti reiknaði PFS verðbilið og komst að því að það væri **1.226 kr.** til **1.533 kr.**

PFS hefur nú endurreiknað verðbilið. Til að framreikna verðbilið til ársins 2016 notaði PFS Harmonised Index of Consumer Prices (HICP)¹² og meðalgengi € á árinu 2016. Samkvæmt þessu var framreiknað verðbil 8,18 € til 10,23 € eða **1.093 kr.** til **1.367 kr.** Ljóst er að það heimtaugaverð sem var innan verðbilsins 2015 er nú ekki innan þessa endurreiknaða verðbils. Ef verðbilið 8 til 10 € eins og það var sett fram 2012 er hins vegar umreiknað í íslenskar krónur miðað við gengi krónunnar 2012 og síðan framreiknað með byggingavísitölu til ársins 2016 yrði verðbilið **1.466** til **1.832 kr.** Ástæða þessa ósamræmis sést best ef skoðuð er þróun á gengi krónunnar og vísitalna hér á landi og í Evrópu frá árinu 2012¹³:



Ljóst er að krónan hefur styrkst mikið undanfarin misseri á meðan HICP vísitalan í Evrópu helst nánast óbreytt. Það hefur stuðlað að þessari lækkun á verðbilinu þegar HICP er notað með gengi ársins 2016. Þó að verð á innfluttum vörum hafi lækkað til innflytjenda hafa innlendar vísitölur

¹² Upplýsingar um HICP má finna á heimasíðu Eurostat (<http://ec.europa.eu/eurostat>).

¹³ Línuritið byggir á upplýsingum frá Eurostat, Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands. Línuritið sýnir gildi sem hlutfall af upphafsgildi á árinu 2012.



ekki lækkað að sama skapi sem að töluverðu leyti má rekja til innlendra launahækkana. Þess vegna hefur sama verðbil reiknað með byggingavísitölu þróast í öfuga átt.

Míla hefur farið fram á að verð fyrir aðgang að heimtaug verði 1.406 kr./mán. Þetta verð fellur ekki innan verðbilsins sem reiknað er út frá HICP vísitölunni í Evrópu og meðalgengi krónunnar 2016, þ.e. 1.093 kr. til 1.367 kr. PFS vísar til þess sem fram kemur í fyrrgreindri ákvörðun nr. 21/2014, en þar segir:

„PFS getur þó samþykkt verð fyrir aðgang að heimtaugum sem liggja utan þess verðbils sem tilgreint er í tilmælunum ef um sérstakar aðstæður er að ræða. Slíkar aðstæður geta t.d. skapast vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar.“

PFS telur að þessi undantekning eigi við nú og mun því byggja á kostnaðargreiningu Mílu í stað verðsamanburðar við ákvörðun á verði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Þegar horft er til verðþróunar hér á landi og samanburðar við verð fyrir ljósleiðaraheimtaugar sem eru í boði hér á landi telur PFS að það myndi ekki stuðla að verðstöðugleika að byggja heimtaugaverðin á verðsamanburði í þetta sinn. Verðsamanburður myndi leiða til lækkunar á mánaðarverði fyrir aðgang að koparheimtaugum hér á landi sem gæti raskað samkeppnisstöðu ljósleiðaraheimtauga og einnig leitt til þess að Míla fái ekki endurheimtan kostnað fyrirtækisins ásamt hæfilegum hagnaði, vegna reksturs á koparkerfi þess.

2.9 Niðurstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 21/2014 lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna heildsöluaðgangs að föstum koparaðgangsnætum fyrirtækisins ásamt tengdri aðstöðu, með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskráin fyrir viðkomandi aðgang sem veittur er um koparheimtaugar skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í samræmi við ákvörðun PFS lagði Míla upphaflega fram kostnaðargreiningu fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum Mílu þann 27. mars 2015. Kostnaðargreiningin var byggð á sögulegum kostnaði ársins 2014.

Samhliða þessari kostnaðargreiningu á markaði 4/2008 hefur PFS haft til meðferðar kostnaðareiningar vegna gjaldskráa Mílu fyrir lúkningshluta leigulína (markaður 6/2008) og bitastraumsaðgang (markaður 5/2008). Vegna innbyrðis tengsla þessara gjaldskráa er nauðsynlegt að þær taki gildi á sama tíma og því mun PFS birta ákvarðanir um endurskoðun á þessum gjaldskráum á sama tíma.

PFS hefur nú yfirfarið kostnaðarlíkön og uppbyggingu gjaldskrár Mílu á þessum þremur mörkuðum (4/2008, 5/2008 og 6/2008). Jafnframt hafa hagsmunaaðilar fengið tækifæri til að tjá sig um aðferðafræði Mílu við ákvörðun verðs sem og uppbyggingu gjaldskráa. Hins vegar byggðu kostnaðarlíkön Mílu á kostnaðargrunni frá 2014 og fór því PFS fram á að Míla myndi uppfæra kostnaðarlíkönin á þessum mörkuðum miðað við rekstrarárið 2016.

Í samræmi við óskir PFS lagði Míla fram uppfært kostnaðarlíkan sem byggir nú á rekstrartölum ársins 2016. Útreiknað verð fyrir aðgang að koparheimtaugum byggir á rekstrarkostnaði ársins 2016 og framreiknuðum fjárfestingastofni til ársins 2016 að teknu tilliti til áætlana um fjárfestingar 2017 og 2018.

Eins og kemur fram hér að framan hefur PFS skoðað hvort niðurstaða Mílu um mánaðarverð fyrir fullan aðgang að koparheimtaugum sé innan þess verðbils sem tilgreint var í ákvörðun PFS nr. 21/2014. Í ljós kom að verðbilið hafði lækkað verulega vegna þróunar á gengi



krónunnar og því var niðurstaðan úr kostnaðarlíkani Mílu ekki innan verðbilsins. Í kafla 2.8.3 hér að framan kemur fram niðurstaða PFS að verð fyrir aðgang að koparheimtaugum skuli byggð á kostnaðarlíkani Mílu þrátt fyrir að kostnaðarlíkan Mílu hafi skilað heimtaugaverði sem er hærra en umrætt verðbil.

Við meðferð kostnaðargreiningarinnar hjá PFS var kostnaðarlíkan Mílu uppfært í nokkur skipti og samþykkir PFS þá niðurstöðu sem fram kemur í kostnaðarlíkaninu frá 9. mars sl. sem sýnir lokaniðurstöðu Mílu.

Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan samþykkir PFS þá niðurstöðu Mílu að mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaug skuli vera 1.406 kr. án vsk. óháð því hvort um sé að ræða aðgang í símsstöð eða götuskáp. Þá mun stofngjald heimtauga haldast óbreytt 3.166 kr. en aðgangur að tengigrind verður 1.104 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur.

Í eftirfarandi töflu má sjá samanburð við núverandi gjaldskrá Mílu:

Mánaðargjald	Verð áður	Verð nú	Hækkun
Heimtaug - fullur aðgangur	1.386	1.406	1%
Heimtaug - neðra tíðnisvið eingöngu	1.042	1.406	35%
Heimtaug - efra tíðnisvið eingöngu	1.386	1.406	1%
Heimtaug - skiptur aðgangur efra tíðnisvið	344	0	-100%
Heimtaug - skiptur aðgangur neðra tíðnisvið	1.042	1.406	35%
Verð fyrir aðgang að tengigrind (100 línu tengihauser)	905	1.104	22%

Stofngjald	Verð áður	Verð nú	Hækkun
Stofngjald heimtauga	3.166	3.166	0%

Reiknað er með að heildartekjur Mílu vegna mánaðargjalda af koparheimtaugum hækki um 5,3% miðað við hina nýju gjaldskrá í samræmi við hækkun kostnaðar Mílu og fækkun heimtauga.

Ákvörðun um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar mun verða birt samhliða ákvörðunum stofnunarinnar um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir bitastraum og lúkningarhluta leigulína.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 nær gjaldskrárkvöð Mílu einnig til ljóslína í götuskáp. Míla hefur lagt fram kostnaðargreiningu á ljóslínum í götuskáp með kostnaðargreiningu á ljóslínum til fyrirtækja á markaði 6 og er sú greining til meðferðar hjá PFS.

Einnig kemur fram í ákvörðun PFS nr. 21/2014 að gjaldskráin skuli endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar samkvæmt því kostnaðarlíkani sem nú hefur verið samþykkt. Í samræmi við það skal Míla leggja fram uppfærslu á kostnaðarlíkaninu fyrir 1. apríl 2018. Ef engar meiriháttar breytingar verða gerðar á kostnaðarlíkaninu væntir PFS þess að stofnunin muni birta ákvörðun um ný verð fyrir árslok 2018. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að PFS hefur nú hafið markaðsgreiningu á mörkuðum 3a og 3b samkvæmt nýjum tilmælum ESA frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu en þessir markaðir taka til svipaðrar þjónustu og markaðir 4/2008 og 5/2008. Eftir að stofnunin hefur greint þessa markaði mun verða tekin ákvörðun um hvort viðhalda eigi þeim kvöðum sem nú eru á Mílu í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014.



Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf., samkvæmt síðustu uppfærslu á greiningunni sem barst stofnuninni þann 9. mars 2017.

Mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaug skal vera 1.406 kr. án vsk. óháð notkun hennar og því hvort um sé að ræða aðgang í sírstöð eða götuskáp. Þá mun stofngjald heimtauga haldast óbreytt 3.166 kr. en aðgangur að tengigrind verður 1.104 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur.

Verð eru án vsk.

Hin nýja verðskrá skal taka gildi samtímis nýrri gjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang. Míla hefur sent út tilkynningu, með tilskildum 60 daga fyrirvara, um að nýja verðskráin taki gildi þann 1. júlí 2017. Einnig skal Míla uppfæra viðmiðunartilboð fyrir opinn aðgang að heimtaugum eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. maí 2017

Björn Geirsson f.h. forstjóra

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Niðurstaða úr innanlandssamráði.
Viðauki II: Álit ESA.